

Þjóðleikhúsið
byrjar
sýningar í
næstu viku

Upp eru þar með talin helstu leikverk á komandi vetri en ekki má þó gleyma „kjallaraverkinu“ Don Juan í helvíti. Þar verður þó ekki um leikrit að ræða í orðsins fyllstu merkingu, heldur upplestra á völdum köflum úr verkinu Man and Superman eftir Bernard Shaw. Flytjendur sverða fjórir, en stjórnandi Baldvin Halldórsson.

Að sögn Sveins Einarssonar er von á nokkrum íslenskum verkum til viðbótar, bæði til sýninga á stóra sviðinu og því litla.

—gsp



Helgi Skúlason leikstjóri í fyrsta sinn

Helgi Skúlason, sá gamalreyndi leikhússmaður, mun í vetur leikstýra uppsetningu á leikritinu „Nótt ástmeyjanna“ sem er umdeilt nútímaverk eftir skandinaviskan höfund. Fjallar það um líf „lesbískra“ stúlkna og er í þýðingu Stefáns Baldurssonar.

Leikritið verður eitt af fjórum verkum sem sýnd verða á „Litla sviðinu“ í Þjóðleikhúskjallaranum sem sérstök röð eða seria af nútímaverkum. Er eitt þeirra eftir íslenskan höfund, Odd Björnsson.

Helgi Skúlason mun þarna í fyrsta sinn á sinum langa leikhússferli sjá um leikstjórn í Þjóðleikhúsinu og verður svo sannarlega gaman að sjá hvernig þessum ágæta leikara okkar tekst upp.

—gsp.

Afsláttar- kort verða æ vinsælli

Núna verður hægt að kaupa áskrift á Litla sviðið líka


Sú þjónusta Þjóðleikhússins að bjóða áhugasömum leikhúsgestum upp á 25% afsl. með því að kaupa sérstakt kort í byrjun vetrar sem gildir á allar sýningar, hefur mælst mjög vel fyrir. Sagði Sveinn Þjóðleikhússtjóri það ekki aðallega vegna afsláttarins heldur einnig vegna þess að fólk þætti gott að einhver „drifi“ það í leikhúsið. .. Í þessu tilfelli afsláttarkortid!

Í vetur verður miðaverð á frumsýningar krónur 1.500 ef tekið er algengasta verð í salnum en á venjulegar sýningar mun kosta krónur 1.000.00. Á skólasýningum er veittur 50% afsláttur. Miðaverð á barnasýningar er í lágmarki, krónur 700 fyrir fullorðna en 500 fyrir börn.

Þeir leikhúsmenn sögðu ekki viðlit að reyna að hækka miðaverð í samræmi við verðbólguna og bentu á að miðað við nágrannalöndin væri hræðdyrt að fara í leikhús hér heima á Íslandi. Í ár hækka þeir t.d. barnaverðið úr kr. 450.- í 500.- og fullorðinsverð á barnasýningar úr kr. 600.- í 700.-. Dugar það væntanlega skammt í verðbólgukeppninni.

Miðaverð í kjallaranum í vetur verður kr. 800.00 en 25% afsláttur er gefinn ef keypt er áskriftarkort. Eru menn hvattir til að tryggja sér þau tímamlega og ákveðin sæti um leið, en miðasala í Þjóðleikhúsinu hefst strax í næstu viku.

-gsp



Mynd eftir Delvaux frá 1937.

Kvikmyndasýning á Haustsýningu

Á mörkum hugaróra

Mynd um súrrealisma og dada
sýnd í kvöld klukkan 20,30.

„Á mörkum hugaróra“ er þýsk mynd sem leitast ekki við að fjalla um súrrealismann á fræðilegan hátt, heldur er myndavélinni beint inn í verk margra þeirra listamanna er könnuðu furðuveröld hugans, þ.a.m. Arnold Böcklin, James Ensor, Salvador Dali, Francis Bacon, Paul Delvaux og Yves Tanguy. Reynt er síðan að sýna fram á að hversdagsveröld okkar er engu ófurbulegri en myndveröld þessara listamanna.

„Súrrealisminn“ er aftur á móti fræðilegri frásögn af vexti og þróun súrrealismans í Frakklandi fram undir heimsstyrjöldina síðari, og sýnir fram á hin

sterku tengsl sem voru milli skálda og myndlistarmanna.

„Dyrð bolans“ er afar sérstæð pólsk mynd um pólskan listamann sem stundar einskona nútíma súrrealisma, og reynt er að tengja líf og verk hans með sérkennilegri kvikmyndatækni.

Einn af þeim listamönnum sem vikkudu landamæri súrrealismans var André Masson, sem síðar fluttist til Bandaríkjanna og hafði ómæld áhrif m.a. á Jackson Pollock með tilfinningalegum vinnubrögðum sínum. Myndin fjallar um hann og nýrri verk hans. „Dada & Ný-Dada“ kannar síðan stuttlega ýmsa anga innan Dada og sýnir fram á það hvernig ungir listamenn leita aftur til þeirrar stefnu.

Auglýsing um aðalskoðun bifreiða

með skrásetningarbókstafnum G
í lögsagnarumdæmi

Gullbringusýslu og Njarðvíkur.

Samkvæmt umferðarlögum tilkynnist hér með að bifreiðar með G skráningarmerkjum, sem staðsettar eru í Gullbringusýslu og Njarðvík verða skoðaðar þann 7.8 og 9. sept. 1976 kl. 9.15 til 12 og kl. 13—16.30

Bifreiðaeigendum ber að koma með bifreiðar sínar að Íðavöllum 4 í Keflavík (Bifreiðaeftirlit ríkisins) og verður skoðun framkvæmd þar á fyrrgreindum tíma. Við skoðun skulu ökumenn bifreiðanna leggja fram fullgild ökuskirteini. Sýna ber skilríki fyrir því að bifreiðaiðgjöld fyrir árið 1976 og lögboðin váttrygging fyrir hverja bifreið sé í gildi.

Hafi gjöld þessi ekki verið greidd verður skoðun ekki framkvæmd og bifreiðin stöðvuð þar til gjöldin eru greidd.

Vanræki einhver að koma bifreið sinni til skoðunar á framangreindum tíma, verður hann látinn sæta sektum samkvæmt umferðarlögum og lögum um bifreiðaskatt og bifreiðin tekin úr umferð hvar sem til hennar næst.

Þetta tilkynnist hér með öllum sem hlut eiga að máli.

Það skal tekið fram að fulltrúi innheimtumanns ríkissjóðs í Hafnarfirði verður staddur að Íðavöllum 4 á framangreindum tíma og mun taka við greiðslu á bifreiðagjöldum.

Bæjarfógetinn í Njarðvík,
sýslumaðurinn í Gullbringusýslu.

ÚTBOÐ

Hitaveita Suðurnesja óskar eftir tilboðum í smíði á miðlunargeymi úr stáli Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Hitaveitu Suðurnesja Vesturbraut 10 A Keflavík og á verkfræðistofunni Fjarhitun, h.f. Alftamýri 9, Reykjavík, gegn 10.000 kr. skilaftryggingu. Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Hitaveitu Suðurnesja þriðjudaginn 21. september kl. 14.00.



Auglýsing um lóðir

Á næstunni verður úthlutað 7 lóðum undir einbýlishús með sérstökum vinnustofum. Lóðirnar eru við Tjarnarsel og Vogasel í Seljahverfi.

Eru þær fyrst og fremst ætlaðar myndlistarmönnum, aðilum, sem starfa að ýmisskonar listið, tónlistarfólki o.þ.h.

Lóðirnar eru nú þegar byggingarhæfar Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu borgarverkfræðings, Skúlatúni 2, 3. hæð.

Umsóknnum skal skilað fyrir 1. okt. n.k. á þar til gerðum eyðublaðum.

Borgarstjórinn í Reykjavík.